



FORSÆTISNEFND 9. janúar 2026: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að festa í sessi tilraunaverkefni um óundirbúnaðar fyrirspurnir á fundum borgarstjórnar - MSS26010083

Forsætisnefnd samþykkir í ljósi góðrar reynslu af tímabundnu hálfis árs tilraunaverkefni með óundirbúnaðar fyrirspurnir á borgarstjórnarfundum á síðasta kjörtímabili verði þær teknar upp aftur með sama fyrirkomulagi og var á tilraunatímabilinu og verði 1. liður á dagskrá borgarstjórnarfunda. Gert verði ráð fyrir að hálfími verði tekinn undir þennan dagskrárlið og að á hverjum fundi verði gert ráð fyrir fimm fyrirspurnum og að jafnaði verði þeim beint til borgarstjóra en heimilt verður einnig að beina fyrirspurnum til borgarfulltrúa ef svo ber undir. Samþykktum borgarstjórnar verði breytt til samræmis við það. Samþykkt þessi taki gildi sem fyrst.

Greinargerð

Í ljósi þess að sú nýbreytni á síðasta kjörtímabili að vera með óundirbúnaðar fyrirspurnir í borgarstjórn tímabundið í tilraunaskyni fékk góðan hljómgrunn og gekk vel ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að taka þennan dagskrárlið upp á ný og festa hann í sessi sem fyrst. Þessi dagskrárliður var liður í að gera borgarstjórnarfundina skilvirkari, sveigjanlegri, auka upplýsingaflæði og gagnsæi auk þess að glæða áhuga almennings og fjölmiðla á borgarmálefnum. Þessi dagskrárliður er enn mikilvægari nú ekki síst í ljósi þess að þak hefur verið sett á tímalengd borgarstjórnarfunda með þeim afleiðingum að fá mál komast á dagskrá borgarstjórnarfunda og mikilvæg mál frestast jafnvel svo mánuðum skiptir. Þá er þessi dagskrárliður ekki síst nauðsynlegur nú í aðdraganda sveitarstjórnarstjórnarkosninga til að auka upplýsingaflæði til borgarbúa í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna í vor.

